

## **Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!**

Óhætt er að segja að liðið skólaár hafi um margt verið sérstakt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta - en ég hvet þá sem vilja vita meira til að nýta sér heimsíðu skólans og hina ýmsu samfélagsmiðla.

**Skólinn var settur 26. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 17. maí.**

**Við upphaf haustannar voru skráðir 146 nemendur í skólanum, 103 stúlkur og 43 piltar. 58 nemendur hófu nám í fyrsta bekk, 51 í öðrum bekk og 37 í þriðja bekk.**

**Á þessu vori gengust 141 nemandi undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 37 stúdentar. 23 af félags- og hugvísindabraut og 14 af náttúruvísindabraut.**

Skólastarfið í vetur litaðist af þeim heimsfaraldi sem nú geisar. Á haustönninni fóru nám og kennsla að mestu fram í fjarvinnslu en nú á vorönn gátu nemendur sem betur fer stundað nám sitt hér á Laugarvatni að langmestu leyti. Ástandið hefur oft reynt á, en það hefur líka þjálfað okkur öll að hugsa í lausnum sem aldrei fyrr.

Ekkert varð af kynningardegi ML, en þá hafa grunnskólanemar af Suðurlandi venjulega heimsótt okkur og í lok dags fylgst með söngkeppninni Blítt og létt. Nú var keppninni streymt í gegnum netið og báru Freyja og Oddný Benónýsdætur sigur úr bítum.

Mun minna var um ýmiskonar námsferðir þetta skólaárið. Þó gátu nemendur í myndlist brugðið sér til Reykjavíkur að skoða listasöfn. Ekkert varð af árlegri Njáluferð. Engu að síður varð Brennu-Njáls saga nemendum innblástur að fjölbreyttum myndbandsverkefnum þar sem sköpunargleðin fékk að njóta sín.

ML vinnur markvisst að því að efla þá þætti starfsins er lúta að umhverfismálum. Þann 26. janúar fékk skólinn Grænfánann afhentan í fimmta sinn. Formaður umhverfisnefndar er Heiða Gehringer.

Nemendur gerðu sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Prautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var að þessu sinni haldin með glæsibrag í íþróttahúsinu þann 19. mars. Þar þurfti að upphugsa nýjar leiðir til að uppfylla sóttvarnarkröfur. Til að mynda gat einungis örlítið brot starfsmanna verið við árshátíðina.

Í byrjun mars tók við ný fullskipuð stjórn í Nemendafélaginu Mími. Nýr stallari er Ásta Ivalo Guðmundsdóttir Isaksen.

Sem fyrr njóta útivistaráfangarnir mikilla vinsælda og nú í vetur gátu nemendur í 3. bekk í fyrsta skipti valið áfanga í ævintýraferðamennsku. Útivistarnemar spreyttu sig meðal annars í klettaklifri, fóru í gönguferðir, kanóferðir og fleira spennandi. Við hér á Laugarvatni erum lánsöm með okkar fallega nærumhverfi sem er óþrjótandi uppspretta útivistarmöguleika.

Í vetur voru 124 nemendur í kórnum, eða 88% nemenda, sem hlýtur að teljast heimsmet! Vegna fjarnáms voru fáar kóræfingar á haustönninni en á vorönn þurfti að skipta kórnum í hópa til að uppfylla sóttvarnarreglur. Í stað árlegra vortónleika voru tekin upp tvö lög með hverjum hóp. Ég hvet ykkur til að horfa á þau myndbönd, sem nálgast má á heimasíðu skólans. – Þegar námsmatstíma lauk héldu kórmeðlimir úr 3. bekk í ferðalag í Borgarfjörðinn ásamt Eyrúnu kórstjóra og Pálma húsbónda. Sungið var í kirkjunni í Reykholti og gist í eina nótt á hóteli.

Í vetur var Erasmus samstarfsverkefninu ShoW – Shapes of Water hleypt af stokkunum. ML stendur að verkefninu ásamt skólum í fimm öðrum löndum. Vonandi getur orðið af nemendaheimsóknum á næsta skólaári.

Nemendur tóku þátt í nokkrum keppnum á skólaárinu. Fjórir nemendur spreyttu sig á Þýskubraut og fimm nemendur í 1. bekk unnu til verðlauna í alþjóðlegri keppni um umhverfismál. Síðan deildi Sindri Bernholt fyrsta sætinu með nema úr MR í landskeppninni í líffræði.

ML og Bláskógaskóli hér á Laugarvatni hafa í nokkur ár staðið saman að landgræðuverkefni á Langamel, sem er við gamla Gjábakkaveg. Nú í vor hlotnaðist skólunum sá heiður að hljóta Landgræðsluverðlaunin 2021 fyrir verkefnið.

Síðasta haust náðist ekki að skíra nýnema upp úr Laugarvatni eins og hefð er fyrir. Úrræðagóður þriðji bekkur greip því til þess ráðs að skipta nýnemum upp í sóttvarnarhólf til að standast fjöldatakmarkanir og blés til skírnar með tilheyrandi gleðigöngu nú í aprílmánuði. Jóna Katrín aðstoðarskólameistari lét ekki sitt eftir liggja, óð út í Laugarvatn og tók skírn með nýnemum, og þar með teljast þau öll fullgildir ML-ingar.

Dimissio hafði sinn stað 5. maí og mátti þá sjá Tuma tígur glaðbeittan á vappi um þorpið í vorblíðunni.

**Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 34, þar af 21 við kennslu og stjórnun.**

Í vetur sóttu kennarar ýmis netnámskeið. Háskóli Íslands hélt utan um námskeið, sem öllum framhaldsskólum landsins bauðst að senda kennara á, og var markmið þess að efla þekkingu á sveigjanlegu námi og kennslu á tímum örrar þróunar upplýsingatækni, í heimsfaraldri – og ekki síst að honum loknum. Fjórir kennarar úr ML sóttu námskeiðið.

Skólinn varð í 3. sæti í kjöri stofnunar ársins í flokki meðalstórra stofnana árið 2020 og hlaut því viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun ársins 2020. Þetta er í fjórða skipti sem ML hlýtur þessa viðurkenningu og erum við vissulega stolt af henni.

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

### **Ágætu verðandi nýstúdentar! – Umsjónarnemendur!**

Það var ánægjulegt að fylgja ykkur í gegnum þennan vetur sem umsjónakennari. Þótt ég hefði gjarnan viljað hitta ykkur oftár í eigin persónu en ekki við tölvuskjáinn.

Ég vona að dvöl ykkar í ML hafi verið góður undirbúningur fyrir það sem koma skal. Hingað, að þessum tímamótum, eru þið komin í dag. Og því ber að fagna! En hvert skal svo stefna?

Það er eflaust hægt að gefa ykkur fjölmörg ráð á svona stundu – en kannski er mikilvægast af öllu að vera maður sjálfur og láta drauma sína rætast! Hafið þó alltaf hugfast að passa upp á nokkur grundvallaratriði – þið ættuð að kunna þetta utan að eftir umsjónartímana í vetur – en það er að ástunda góðar svefnvenjur, borða hollt, hreyfa sig og hlúa að andlegri líðan! Þessir lykilþættir munu styðja ykkur á lífsins leið.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir

Áfangastjóri